

# HUNDARÆKTARFÉLAG ÍSLANDS



27. apríl 2016



# Stefnumótun HRFÍ.



# Stefnumörkun HRFÍ

- Á vormánuðum 2011 var stefnumótunardagur HRFÍ haldinn.
  - 90 þátttakendur – 3 tilnefndir frá hverri deild.
  - Þátttakendum skipt í hópa sem áttu að koma fram með hugmyndir um ýmis málefni sem varða starfsemi HRFÍ, meðal annars starf deilda.
- Veturinn 2014 var stefnumótunardagur HRFÍ haldinn.
  - 27 þátttakendur – 1 til 2 frá hverri deild.
  - Þátttakendur greiddu atkvæði um hugmyndir frá fyrri stefnumótunardegi.
  - 8 manna hópur valinn til að vinna úr og gera stutta skýrslu. Þetta voru þau Arnheiður Runólfsdóttir, Guðmundur A. Guðmundsson, Guðrún Margrét Baldursdóttir, Magnús Orri Schram, Margrét Guðrún Bergsveinsdóttir, María Hjaltadóttir, Vordís Sigurþórsdóttir og Þórdís Björg Björgvinsdóttir.
  - => Stefnuskra félagsins sem samþykkt var á fundi stjórnar HRFÍ 30. apríl 2014.



# Stefnuskrá

- Í stefnuskrá segir um starfsemi deilda:

„Ræktunardeildir gegna gríðarlega mikilvægu hlutverki í starfsemi HRFÍ og því mikilvægt að HRFÍ styðji vel við bakið á starfsemi deilda. Mikilvægt er að samræma upplýsingar til stjórnarmanna í deildum og tryggja að deildir séu meðvitaðar um félagslegt- og ræktunarhlutverk sitt.

Deildirnar gegna mikilvægu hlutverki við að miðla upplýsingum um tegundir, halda mikilvægum vefsíðum lifandi (t.d. með upplýsingum um heilsufa) og gæta að sýningarhaldi þar sem sérfræðingar í tegundinni dæma. Hjá deildunum er sérþekkingin á tegundunum.

Deildirnar eiga að auka samhaldni meðal félagsmanna t.d. með göngum og uppákomum.

Huga þarf að lágmarksstærð deilda og sameiningu eftir þörfum. Mjög litlar deildir eru oftast óhentugar starfseiningar þar sem öll vinna lendir á fárra höndum sem eiga til að kulna í starfi og starfsemi leggst af. “



# Stjórn skipar starfshóp





# Starfshópur um starfsemi deilda

- Eftir að stjórn samþykkti stefnuskrá ákvað stjórn að setja á laggirnar starfshópa til að fylgja stefnunni eftir.
- Auglýst var á vef félagsins og á Facebook eftir áhugasömum félagsmönnum en eftirtaldir aðilar gáfu kost á sér og skiluðu tillögum til stjórnar HRFÍ 11. janúar 2016.
  - Helga Andrésdóttir, Klara Símonardóttir, Margrét Bára Magnúsdóttir, Pétur Alan Guðmundsson og Guðbjörg Guðmundsdóttir.
- Þá hefur stjórn einnig útbúið sérstaka kynningu fyrir þá sem sitja í stjórnnum deilda og á haustmánuðum 2015 voru haldnir nokkrir fundir með stjórnnum deilda. Í dag eru slíkir fundir í boði ef deildir óska eftir og þátttaka næst.



# Tillögur starfshópsins.

## -Breytingar á starfsreglum ræktunardeilda

- Hertar kröfur um stofnun nýrrar deildar
  - Lagt til að auk núgildandi skilyrða yrði tiltekinn lágmarksfjöldi félagsmanna í nýrri deild 100 félagsmenn auk þess sem eftir yrðu að lágmarki 100 félagsmenn í þeirri deild sem klofið var frá.
  - Lagt til að skýrt væri í reglunum hvað teldust óskyld ræktunardýr. Óskyldir ræktunarhundar teldust þeir sem ekki eiga sameiginlega forfeður í þriggja kynslóða ættbók. (í raun um að ræða skrásetningu á óskráðri reglu)
- Reglur um tengiliði í safn- og hópdeildum.
  - Skylda að velja tengiliði.
  - Tengiliðir kosnir á ársfundi af virkum eigendum viðkomandi tegunda.



# Tillögur starfshópsins

## - Breytingar á starfsreglum ræktunardeilda

- Reglur um stjórn rýmkaðar.
  - Heimild til að hafa þrjú eða fimm stjórnarmenn og eins heimiluð kosning varamanna.
  - Hvatning til að bjóða tengiliði velkomna á stjórnarfundi.
- Ræktunarráð.
  - Stjórnir hóp- og safndeilda hvattar til að tilnefna í ræktunarráð sem tæki við pörunarbeiðnum og heldur utan um tegundatengdar upplýsingar og væri stjórn til ráðgjafar um málefni tengd tegundinni.

**Starfsreglur ræktunardeilda eru settar af stjórn samkvæmt lokamálsgrein 19. gr. laga HRFÍ.**





# Tillögur starfshópsins -Sameining deilda

- Sameina deildir og styrkja í þremur þrepum. Í fyrsta þrepi yrðu sameinaðar deildir sem ættu það sameiginlegt að stofnun sérdeilda hafði í för með sér að deild sem eftir stóð varð svo gott sem óvirk.
  - Siberian Husky deild sameinuð við Spitzhundadeild.
  - Yorkshire Terrier deild sameinuð við Terrierdeild.
  - American Cocker Spaniel deild og Ensk Cocker Spaniel deild sameinaðar við Spaníel deild.

Félagsfundur getur lagt niður ræktunardeild skv. 23. gr. laga HRFÍ ef:

1. Deild fer skriflega fram á það *eða*
2. Deild sinnir ekki lögboðinni starfsemi vegna lítillar virkni og fárra meðlima að mati stjórnar HRFÍ *eða*
3. Deild ekki staðið við skyldur sínar skv. lögum og reglum HRFÍ

**2/3 hluta atkvæða atkvæða á félagsfundi þarf til að leggja niður deild.**



# Málsmeðferð hjá stjórn



# Málsmeðferð stjórnar HRFÍ

- Stjórn félagsins samþykkti á fundi með starfshópnum að vinna áfram með tillögur hópsins á fundi 11. janúar 2016.
- Stjórn fundaði með fulltrúum stjórna þeirra deilda sem lagt er til að sameinist 1 og 2 mars 2016.
- Samráð haft við fulltrúaráðsfund HRFÍ 2 mars 2016.
- Áfram unnið með tillögurnar á fundi stjórnar 7 apríl 2016.
  - Orðalag
  - Samþykkt að miða við 60 félagsmenn í stað 100 félagsmanna.
  - Setja sérstakan kafla um tengiliði og ræktunarráð og skýra hlutverk þeirra.
- Halda opinn fund með félagsmönnum til að ræða tillögurnar áður en þær verða samþykktar og áður en kosið verður um sameiningu á aðalfundi.



Takk fyrir áheyrnina!

**Umræður og spurningar**